

hefur stuðzt þar við dskj. nr. 43. Fallast má á þá skoðun sóknar-aðilja, að bækur falli ekki undir orðalagið „innanhúsgögn“ í kaupmálanum, enda má telja líkur fyrir, að minnst af bókunum hafi verið í eigu þeirra hjóna, þegar kaupmálinn var gerður, og þar sem eigi verður talið, að varnaraðili hafi fært nægilegar sönnur á það, að hún hafi lagt fram fé af sinni séreign til kaupa á bókunum, verður ekki fallizt á þá skoðun hennar, að bókasafnið sé séreign hennar, og ber að skrifa það upp með búinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Allir húsmunir í búi Péturs heitins Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur skuli teljast séreign konunnar og óviðkomandi dánarbúi Péturs heitins. Bókasafn tilheyrandi Pétri heitnum H. Lárussyni og konu hans ber að taka undir skiptin. Íbúðin í Skipagötu 1, þinglesin á nafni Sigurlaugar Lárusdóttur, telst hafa verið sameign hjónanna og ber að taka hana undir búskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. júní 1958.

Nr. 136/1957. **Síldarverksmiðjur ríkisins**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.). **og gagnsök.**

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. ágúst s. á. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti

að mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 19. september 1957, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 1.192.218.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1.152.365.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956 og af kr. 1.192.218.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu.

Læknarnir Þórður Möller og Kjartan R. Guðmundsson og prófessor Símon Jóh. Ágústsson voru hinn 22. marz þ. á. dómkvaddir til að rannsaka og gefa skýrslu um líkamlegt og andlegt heilsufar gagnáfrýjanda. Framkvæmdu þeir rannsókn þessa í aprílmánuði þ. á. og rannsökuðu gagnáfrýjanda hver í sínu lagi. Að beiðni prófessors Símons framkvæmdi prófessor Matthías Jónasson og rannsókn á greinarþroska gagnáfrýjanda. Hinir dómkvöddu menn skiluðu því næst álitserð 5. f. m., þar sem læknarnir og sálfræðingurinn greina fyrst hver fyrir sig frá rannsókn sinni og niðurstöðu og gefa að lokum svofellda sameiginlega álitserð: „Ekki er um það að villast, að sjúklingurinn hefur orðið fyrir vefrænum heilaskemmdum við slysið, og hafa þær haft í för með sér djúptækar breytingar á skapgerð hans og persónuleika. Áður var hann andlega heilbrigður, umgengnisgóður, verkfús, áhugasamur um ýmis mál. Nú er hann áhugalaus á öllum sviðum, tekur sér ekkert fyrir hendur, vanstilltur og erfiður í umgengni. Hann þjáist af svefnleysi. Hann sækir í vín, og virðast viðbrögð hans undir áhrifum þess vera óvenjuleg og sjúkleg (pathologisk reaction). Engar líkur virðast á því, að ástand sjúklings batni svo að neinu nemi, en hins vegar verða að teljast nokkur líkindi til þess að heilsu hans hraki. Fyrirsjáanlegt þykir, að sjúklingurinn muni þurfa stöðugar umönnunar og eftirlits“.

Þá hefur Bergþór Smári læknir athugað gagnáfrýjanda af

nýju 28. apríl þ. á., kynnt sér framangreinda álitserð og því næst staðfest fyrra mat sitt á varanlegri örorku gagnáfrýjanda, þ. e. 90%.

Loks hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur áætlað af nýju atvinnutjón gagnáfrýjanda, miðað við þá 5% hækkun á grunnkaupi og örorkulífeyri, sem ákveðin er með lögum nr. 33/1958, svo og þá hækkun á framfærsluvísitölu, sem orðið hefur frá því að tryggingafræðingurinn samdi áætlun sína 29. apríl 1957, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessari síðustu áætlun telur tryggingafræðingurinn atvinnutjón gagnáfrýjanda nema samtals kr. 706.203.00, ef miðað er við meðalatvinnutekjur giftra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna, en kr. 454.007.00, ef miðað er við Dagsbrúnarkaup. Þá telur hann og, að verðmæti örorkulífeyris gagnáfrýjanda hækki í kr. 68.323.00.

Af ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, þykir aðaláfrýjandi eiga að bæta gagnáfrýjanda að fullu tjón hans vegna nefnds slyss.

Bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt 1. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar kr. 400.000.00, og hefur þá verið dreginn frá örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins. Bætur samkvæmt 2. lið ákveðast kr. 125.000.00 og samkvæmt 3. lið kr. 35.000.00. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 560.000.00, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 525.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956 og af kr. 560.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni, kr. 560.000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 525.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956 og af kr. 560.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Aðaláfrýjandi greiði og gagnáfrýjanda kr.

40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. f. m., hefur Jóhann Bragi Friðbjarnarson, Grundarstíg 16, Siglufirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. janúar 1953, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 300.000.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 26. marz 1956, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu til hækkunar kröfu sinni í frumsök í kr. 1.193.218.00. Krefst hann nú jafnframt 6% ársvaxta af kr. 1.152.365.00 frá 18. júlí 1951 til greiðsludags, en af kr. 40.853.00 frá útgáfudegi framhaldsstefnu til greiðsludags. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar, svo sem í frumsök.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar bæði í frumsök og framhaldssök. Í framhaldssök hefur hann jafnframt krafizt þess til vara, að meginhluti fébótaábyrgðar á síðargreindu slysi verði lagður á stefnanda sjálfan.

Málsatvik eru þessi:

Í júlí 1951 var unnið að því á vegum stefnda að skafa og mála utan einn af lýsisgeymum hans á Siglufirði. Við verk þetta voru meðal annars notaðir tveir stólar, sem héngu í köðlum utan á geyminum. Stólar þessir voru að lögun einna líkastir aflöngum kassa. Var botninn tréfleki, 3 metra langur og 80 cm. breiður, en á jöðrum hans var lóðrétt, meters há trégrind, sem myndaði handrið. Utan um stólinn þveran, alveg út við enda sitt hvoru megin, var brugðið 2 kaðallykkjum, en þær voru hengdar á málmkroka tvo, sem festir voru við sína hvora blökkina. Í gegnum blakkir þessar voru dregnir kaðlar, og lágu þeir jafnframt í gegnum aðrar tvær blakkir uppi við þakbrún geymisins. Voru einnig krókar á þeim blökkum, en þeir vissu upp og héngu í kaðallykkjum, sem bundnar voru við málmandrið á þakbrún geymisins. Niður úr efri blökkunum héngu 2 lausir kaðlar, sem náðu alveg til jarðar, en með þeim var stóllinn færður niður eftir því, sem þurfti, og dreginn upp aftur, er hann var kominn niður á jörð. Þess á milli var köðlum þessum bundið um stólgrindina og stóllinn þannig festur í þeirri hæð, sem unnið var í hverju sinni. Þrír

menn unnu í hvorum stól, og stigu þeir niður í hann ofan af þaki geymisins, er stólnum hafði verið fest á þann hátt, sem að framan er lýst. „Slökuðu“ þeir sjálfir á köðlunum, eftir því sem verkinu miðaði og lækka þurfti stólinn. Er stóllinn var kominn niður á jörð, stigu mennirnir úr honum, fóru upp á þak geymisins og færðu efri blakkirnar til. Að því búnu fóru tveir þeirra niður aftur og drógu stólinn upp. Er hann var kominn að þakbrún, steig þriðji maðurinn, sem eftir hafði orðið uppi á þakinu, niður í stólinn, og festi hann með lausum köðlunum. Fóru þeir tveir, sem niðri voru, þá aftur upp á þak geymisins og stigu einnig niður í stólinn. Hófst að því búnu ferð stólsins niður geyminn á nýjan leik og þannig koll af kolli.

Er vinna hófst að morgni hins 18. júlí, voru 6 unglingar settir til vinnu í stólunum, en enginn þeirra mun áður hafa unnið í slíkum stóli. Að sögn vitnisins Eiðs Hafsteins Indriðasonar voru fjórir þessara unglinga um 15 ára að aldri, en tveir um tvítugt. Er eigi annað fram komið en þær upplýsingar séu réttar. Einn í hópnum var stefnandi, er þá var 15 ára að aldri. Um kl. 11 um morguninn, er stóll sá, sem stefnandi vann í, var á jörðu niðri, voru piltar þeir, sem með honum unnu í stólnum, kvaddir frá þessu verki um stund, en stefnandi varð eftir. Bað hann tvo pilta, Einar Grétar Adólfsson, 15 ára að aldri, og Dúa Karlsson, 14 ára, sem einnig unnu þarna, að draga upp stólinn. Urðu þeir við þeirri beiðni, en áður en stefnandi steig niður í stólinn til að festa hann, kölluðu Einar og Dúi á þriðja piltinn, Eið H. Indriðason, sem fyrr var nefndur, og leituðu aðstoðar hans til að halda í kaðlana, er stóllinn var kominn upp. Hélt hann í kaðalinn með Eiði, en Dúi brá sínum kaðli til öryggis um þungt járnstykki, er þarna var. Stefnandi steig nú niður í stólinn í því skyni að festa hann. Er hann var kominn í stólinn, losnaði hann frá blökkinni þeim megin, sem Dúi hélt. Sporðreistist stóllinn við þetta, og féll stefnandi niður. Kom hann niður á auða jörð við geyminn. Er allur þungi stólsins var þannig kominn yfir kaðalinn, sem Einar og Eiður héldu í, reyndist þeim um megn að halda í við kaðalinn, og rann stóllinn því niður og allt til jarðar. Lenti annar endi hans á steinbrún, sem var umhverfis geyminn, en hinn endinn lenti á járnstykki því, sem Dúi hafði bundið kaðalendann um. Lá stefnandi undir stólnum, sem þó mun hvergi hafa komið við hann. Svo sem áður er getið, var stóllinn efst uppi, er hann féll niður, og mun fall stefnanda hafa verið 8—9 metrar, eftir því sem næst verður komizt. Hlaut stefnandi mikil lemskur af slysi þessu.

Á þriðja degi eftir slysið hófst rannsókn þess í lögreglurétti Siglufjarðar. Voru þá yfirheyrðir unglingar þeir, sem nafngreindir eru hér að framan. Eftir það lá rannsóknin niðri, þar til í janúar 1952, er henni var látið lokið. Meðan á gagnaöflun í máli þessu stóð, hafa ýmis þeirra vitna, sem yfirheyrð voru við hina opinberu rannsókn, komið fyrir dóm að nýju. Hefur einkum verið leitast við að leiða í ljós, hvernig háttað var öryggisútbúnaði stóls þess, sem um ræðir. Atvikalýsingin hér að framan er á hinn bóginn að mestu leyti byggð á framburðum fyrrgreindra þriggja unglunga, en eigi er kunnugt um aðra sjónarvotta að slysinu. Eru framburðir þeirra um tildrög slyssins mjög á einn veg, en þó er framburður Einars G. Adólfssonar nokkru gleggri en hinna. Skýrir vitni þetta svo frá, að er stefnandi var kominn niður í stólinn, hafi hann fest hann þeim megin, sem vitnið og Eiður héldu, en gengið að því búnu yfir í hinn enda stólsins. Hafi þá stóllinn losnað skyndilega frá þeim megin með framangreindum afleiðingum.

Það er leitt í ljós, að á krókum þeim, sem kaðallykkjur stólsins hingu í, var brugðið bandlykkjum eða benzlum yfir krókkverkarnar, til þess að varna því, að kaðallykkjurnar færu upp úr krókunum. Hins vegar greinir vitni mjög á um það, hvort benzl eða vafningur hafi verið á kaðallykkjunum sjálfum neðan króksins og myndað þar litla lykkju, en slíkt hefði verið mjög til öryggis, þar sem í kaðallykkjum þessum mun hafa verið allt að þumlungs sver kaðall. Verða nú rakin meginatriði í framburðum vitna, bæði um þetta atriði og önnur, sem máli skipta.

Vitnið Jóel Friðgeir Hjálmarsson, verkstjóri stefnda, skýrir svo frá, að það hafi falið Jónasi nokkrum Jónassyni málara að hafa umsjón með því verki að skafa og mála lýsisgeymana. Hafi honum jafnframt verið fengnir 6 unglingar til að vinna að verki þessu. Vitnið kveðst umræddan morgun hafa gengið að lýsisgeymi þeim, sem slysið varð við, til þess að athuga annað verk, sem þar var verið að vinna. Er það gekk fram hjá geyminum, hafi það allt í einu heyrt að baki sér hviss í blökkunum á geyminum. Hafi það þá litið við og séð stefnanda vera að falla til jarðar. Kveðst vitnið telja sennilegt, að orsök slyssins hafi verið sú, að benzlið á krók þeim, sem kaðallykkja stólsins hékk í, hafi bilað eða verið bilað, að minnsta kosti hafi benzli þetta ekki verið á króknum eftir slysið. Önnur benzli hafi hins vegar verið í lagi. Ekki kveðst vitnið muna, hvort það athugaði útbúnað stólsins um morguninn áður en vinna hófst. Geti það því ekkert um það segt, hvort benzli þetta hafi þá verið á króknum. Eigi kveðst vitnið heldur minn-

ast þess, hvort benzli var á kaðallykkju stólsins neðan við krókinn í umrætt sinn, en það sé venja, þegar útbúnaður er slíkur og hann var hér. Kveðst vitnið og engin dæmi vita þess, að eigi væri benzlað neðan króksins.

Vitnið Jónas Jónsson, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að það hafi á þessum tíma unnið að því að mála innanhúss í skrifstofubyggingu stefnda. Að morgni hins 18. júlí, er vinna var að hefjast, kveðst vitnið hafa gengið að umræddum geymi á leið til vinnu sinnar. Hafi það þá staldrað við litla stund hjá unglingum þeim, er voru að byrja að vinna í stólunum, og sýnt þeim helztu handtök við verkið, en haldið að því búnu áfram til síns starfs. Vitnið kveður, að vinna við geyminn hafi verið búin að standa yfir í um það bil viku, er hér var komið, en að morgni slyssdagsins hafi umræddir unglingar verið settir til þess starfs í fyrsta sinn. Hafi Jóel verkstjóri ráðið því, hverjir völdust til verksins, og kveðst vitnið telja, að verkið hafi verið unnið undir umsjón Jóels sem verkstjóra. Á hinn bóginn kveðst vitnið sjálft enga verkstjórn hafa haft á hendi við geyminn umræddan dag, en eftir slysið hafi því verið falið að líta eftir verkinu. Vitnið kveðst hafa sent þá tvo, sem með stefnanda unnu, út í bæ tiltekinn erinda skömmu áður en slysið varð. Hafi það gert þetta að fyrirlagi Jóels verkstjóra. Kveðst vitnið hafa kallað fyrirmæli þessa efnis upp á geyminn til þeirra félaga, en haldið að því búnu áfram vinnu sinni. Kveðst vitnið halda, að það hafi ekki minnst á í þessu sambandi, að sá þeirra, sem eftir yrði, mætti ekki fara í stólinn, meðan aðstoðarmenn hans væru fjarverandi, enda hafi það ekki búizt við slíku. Vitnið kveðst hafa athugað öryggisútbúnað stólanna, áður en vinna hófst að morgni slyssdagsins. Muni það, að benzli hafi verið á króknum, sem kaðallykkja stólsins hékk í, svo og á kaðallykkjunni sjálfri neðan við krókinn. Þá minni það og, að hvort tveggja benzlin hafi verið úr trollgarni. Að lokum getur vitnið þess, að er búið hafi verið að benzla um krókinn, hafi kaðallinn frá stólnum rétt komizt undir benzlið.

Vitnið Herbert Sigfússon málarameistari skýrir svo frá, að það hafi að tilhlutan bæjarfógetans á Siglufirði athugað umræddan stól nokkrum dögum eftir slysið ásamt Snorra Stefánssyni, vélæftirlitsmanni ríkisins á Siglufirði. Hafi þá verið búið að endurbæta stólinn mikið, en vitnið kveðst vita, hvernig útbúnaði hans var háttað áður. Búið hafði verið að setja á stólinn öryggisbönd, þannig að ef sá, sem í stólnum var, kynni ekki að festa hann og stóllinn byrjaði að síga, væri samt tryggt, að stóllinn færi ekki

lengra niður en um það bil breidd sína, þar eð þá tækju öryggisböndin í. Enn fremur hafi verið búið að breyta um króka þá, sem kaðallykkjur stólsins hanga í, og setja svonefnda „kósa“ úr járninnann í lykkjurnar, þar sem þær eru hengdar á krókana. Áður hafi krókarnir verið mikið minni og svo grunnir, að kaðallykkjurnar, er verið hafi úr þumlungs sverum kaðli, hafi næstum „fyllt út í“ þá. Kveðst vitnið telja, að eins og frá þessu var gengið áður, hafi það getað komið fyrir, væri stóllinn dreginn snögglega upp og stöðvaðist á einhverju uppi, og benzlið yfir krókkverkunum slitnaði eða smokkaðist upp af króknefinu, ef kaðallykkjurnar færu upp úr krókkverkunum sakir þess, hve óþjáll kaðallinn var.

Vitnið Snorri Stefánsson, sem getið er um hér að framan, skýrir svo frá, að það hafi að beiðni framkvæmdastjóra stefnda skoðað umbúnað stólsins þegar eftir slysið, áður en hróflað hafi verið við honum. Stóllinn hafi verið „húkkaður úr“ öðrum megin og blakkirnar verið uppi. Benzlið hafi legið hjá króknum óslitið, en upprakið. Hafi benzli þetta verið úr bindigarni. Hafi svo virzt sem bindingin hafi bilað, en eigi verði fullyrt, hvort það hafi gerzt áður en slysið varð eða eftir það. Vitni þetta fullyrðir, að benzli hafi einnig verið á kaðallykkju stólsins neðan við krókinn. Kveðst það telja, að benzli þetta hafi verið úr trollgarni. Hafi verið ógerningur að nota kaðallykkju um stólinn, án þess að hafa benzli á henni neðan við krókinn. Mestu máli skipti þó, að benzlið yfir króknum sé tryggilega útbúið, en það kveður vitnið, svo sem áður getur, hafa verið upprakið, er það skoðaði stólinn. Ekki kveðst vitnið geta gert sér grein fyrir því, hvað slysinu olli, en fullyrða megir þó, að benzlið hafi gefið eftir og kaðallykkjan smeygt af króknum. Vitnið kveðst aftur hafa athugað stólinn nokkrum dögum síðar ásamt Herberti Sigfússyni. Hafi þá verið vel frá stólnum gengið. Búið hafi verið að setja á hann öryggisbönd, bora króknefið, benzla með vír og setja „kósa“ í kaðallykkjuna.

Vitnið Sveinn Björnsson, sem unnið hafði í sama stóli og stefnandi áður en slysið varð, skýrir svo frá, að það hafi ekki athugað umbúnað stólsins, áður en vinna hófst um morguninn. Á hinn bóginn hafi það athugað stólinn, eftir að slysið var orðið, og séð þá, „hvað frágangur var slæmur“, sérstaklega þar sem stólnum var krækt á krókana. Kveður það trolltvinna hafa verið vafið um krókinn, en ekki hafi verið benzli á kaðallykkjunni neðan við krókinn. Vitnið kveður Jóel verkstjóra hafa sagt þeim félögum um morguninn, er vinna hófst, hvað þeir ættu að vinna. Kveðst

vitnið ekki minnst þess, að hann færi nokkrum aðvörunarorðum um verkið, áður en það hófst. Hins vegar hafi Jónas Jónsson málari verið staddur við geyminn um morguninn og hafi hann sagt þeim nokkuð, hvernig verkið skyldi unnið, en farið burt að því búnu.

Vitnið Vilhjálmur Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda, skýrir svo frá, að ávallt sé benzli á kaðallykkju stólsins neðan við krókinn, sem hún hangir í. Svo hafi og verið í umrætt sinn. Kveður vitnið sig fastlega minna, að kaðallykkjan hafi verið bundin saman neðan við krókinn. Hafi það verið gert með trollgarni, en eigi hafi verið notaður járn-„kósi“. Vitni þetta hefur gert uppdrátt af umbúnaði stólsins, eins og hann telur, að hann hafi verið fyrir slysið. Liggur uppdráttur þessi fyrir í málinu (dskj. 16).

Vitnið Niels Friðbjarnarson, bróðir stefnanda, hefur komið fyrir dóm í málinu. Skýrir vitni þetta svo frá, að það hafi komið á slystaðinn einum eða tveim dögum eftir slysið og athugað verksummerki. Jafnframt kveðst það hafa gert uppdrátt af umbúnaði stólsins. Liggur þessi uppdráttur frammi í málinu (dskj. 17). Vitnið kveður ekki hafa verið benzli á kaðallykkjunni, sem brugðið var um stólinn, en einungis hafi verið vafið með trolltvinna utan um krókinn. Vitnið kveður þá kaðallykkjuna, sem enn hékk í krók sínum, hafa verið undna, er það skoðaði stólinn umrætt sinn. Kveður það skoðun sína, að orsök slyssins megi ef til vill rekja til þess, að kaðallykkja sú, sem af króknum fór, hafi einnig verið undin, og er stóllinn af einhverjum ástæðum hafi létzt öðrum megin, hafi kaðallykkja þessi undið „ofan af sér“, lent upp úr krókkverkinni og á benzlinu..

Stefnandi kom fyrir dóm og gaf skýrslu um atvik að slysinu í janúar 1952. Kvaðst hann þá vera búinn að heyra svo mikið rætt um slysið, að stundum viti hann ekki, hvað sér hafi verið sagt af öðrum og hvað raunverulega hafi komið fyrir. Er slysið varð, kveðst hann hafa verið búinn að vinna 4 daga hjá stefnda. Hafi hann á þeim tíma unnið ýmis störf. Stefndi kveðst halda, að Jóel Hjálmarsson hafi skipað honum og félögum hans til verks að morgni slyssdagsins, en Jónas Jónsson hafi verið þarna nærstaddur fyrst um morguninn, er þeir voru að byrja verkið. Annað en það, sem nú var rakið, kveðst stefnandi ekki muna að greina frá aðdraganda slyssins. Hafi hann jafnvel ekki munað það fyrst eftir slysið, en það sé þó að smáskýrast í huga sínum. Lítið kveðst stefnandi hafa athugað stólinn og umbúnað hans um morguninn, áður

en vinna hófst. Þó muni hann, að kaðallykkjurnar, sem brugðið var um stólinn, hafi verið svo sverar, að þær hafi sem næst fyllt út í krókana, sem þær héngu í. Trollgarnsspotta kveður hann hafa verið bundinn yfir krókkverkarnar.

Auk uppdrátta þeirra, sem getið var hér að framan, hafa einnig verið lagðar fram í málinu nokkrar ljósmyndir af sams konar stól og hér ræðir um, teknar vorið 1956. Eru ljósmyndir þessar mjög til glöggvunar um það, hvernig vinna fer fram í stólum þessum.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slys það, sem um ræðir, hafi orsakast af ófullnægjandi útbúnaði vinnutækja þeirra, er honum voru fengin til notkunar við starf sitt, svo og af ófullnægjandi eftirliti á vinnustað, en á þessu hvort tveggja beri stefndi ábyrgð. Leiði af því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut. Hefur stefnandi skírskotað í þessu sambandi til 5. gr. laga nr. 24/1928, sem í gildi voru, er slysið varð, svo og til 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er nú gilda um það efni.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að slysið verði eingöngu rak-ið til óvarfærni og gáleysis stefnanda sjálfs, en af því leiði, að hann verði sjálfur að bera tjón það, er hann beið. Varðandi þá málsástæðu stefnanda, að orsakir slyssins megi rekja til ófull-nægjandi útbúnaðar vinnutækja, vekur stefndi athygli á því, að vinnustóllinn hafi einungis verið notaður í örfáa daga, er slysið varð, og hafi búnaður allur verið nýr. Skírskotar hann í því efni til framburða Snorra Stefánssonar og Vilhjálms Guðmundssonar, er raktir voru hér að framan, en báðir þessir menn telja, að ekk-ert hafi verið athugavert við stólinn. Sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli að sjálfsögðu á stefnanda, en því fari fjarri, að honum hafi tekizt að leiða sönnur að því, að nokkrir gallar hafi verið á vinnustólnum eða tækjum þeim, sem notuð voru í sambandi við hann. Þvert á móti megi segja, að leitt sé í ljós, að stóllinn ásamt þeim tækjum, er honum fylgdu, hafi verið í fullkomnu lagi. Varð-andi þá málsástæðu stefnanda, að ófullnægjandi eftirlit hafi verið á vinnustað, bendir stefndi á, að fram sé komið í málinu, að stefn-andi hafi unnið í vinnuflokki Jóels Hjálmarssonar verkstjóra og undir hans stjórn og Jónasar Jónssonar málarameistara, sem einn-ig hafi haft á hendi leiðbeiningar við framkvæmd verksins. Það sé því á fullkomnum misskilningi byggt hjá stefnanda, er hann haldi því fram, að enginn vanur maður eða verkstjóri hafi haft umsjón með verkinu eða tækjum þeim, er notuð voru við verkið,

en báðir þessir menn, Jóel og Jónas, séu þaulvanir störfum svipuðum þeim og stefnandi vann. Þá sé það leitt í ljós, að verkstjórinn hafi verið á vinnustaðnum um morguninn. Hafi stefnanda að sjálfsgöðu borið að snúa sér til hans og fá aðstoð frá honum til að flytja stólinn. Þetta hafi stefnandi þó ekki gert, en beðið í þess stað tvo unglinga, er þarna unnu, um aðstoð við að flytja stólinn. Þessum piltum hafi ekki verið ætlað að starfa við vinnustólana, heldur að öðru og léttara verki, enda hafi þeir verið þreklitlir unglingar. Að lokum ber stefndi fram tvær skýringar, er hann telur sennilegastar á orsökum slyssins: Í fyrsta lagi, að stefnandi hafi misst tak á kaðli þeim, er hann átti að taka við af Dúa Karlssyni og festa í vinnustólinn, með þeim afleiðingum, að stóllinn hafi hrapað í þann endann og stefnandi hrokkið úr honum. Við fall stólsins hafi kaðallykkjan í króknum rofið krókbenzlið og krækt úr króknum við þann rykk, sem komið hafi á stólinn, er annar endi hans hrapaði, á meðan hinn endinn var enn fastur. Í öðru lagi, að Dúi Karlsson hafi ekki haft nógu öruggt hald á kaðalenda sínum með sömu afleiðingum og að framan greinir.

Varakröfu sína í málinu kveðst stefndi styðja sömu rökum og sýknukröfuna.

Hér að framan er því lýst, hvernig gengið var frá krókunum, sem kaðallykkjur þær, er brugðið var um stólinn, héngu í. Er og ekki ágreiningur um það í málinu, hvernig þeim umbúnaði var háttað. Verður að telja, að umbúnaður þessi hafi verið allsendis ónógur og fjarri því að fullnægja þeim kröfum um öruggi, sem gera verður til umbúnaðar slíks tækis sem þessa, þar sem látið var nægja að loka kverkum krókanna með bandlykkju, sem hæglega gat látið undan, ef á reyndi. Þykja og allar líkur benda til þess, að orsök þess, að stóllinn sporðreistist undir stefnanda, sé til þess að rekja. Þá er og ljóst, að frágangi kaðallykkjanna, þar sem þær voru hengdar á krókana, hafi verið áfátt. Hefði verið nauðsynlegt að koma þar fyrir í lykkjunum „kósa“ úr málmi, svo sem gert mun hafa verið, eftir að slysið var orðið.

Það er fram komið í málinu, að stefnandi og að minnsta kosti annar þeirra, sem falið hafði verið að vinna með honum í stólnum, voru 15 ára gamlir, en gera verður ráð fyrir með skírskotun til framburðar vitnisins Eiðs H. Indriðasonar, að hinn þriðji hafi ekki verið eldri en um tvítugt. Verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af þeim forráðamönnum stefnda, sem hér áttu hlut að máli, að láta svo unga menn og alls óvana vinna á eindæmi sitt

í slíku tæki við svo hættulegar aðstæður, sem þarna voru. Var þess og naumast að vænta, að unglingar á aldri stefnanda gerðu sér þess grein, í hverju öryggisútbúnaði stólsins kynni að vera áfátt.

Að þessu athuguðu er augljóst, að stefndi ber fábótaábyrgð á slysinu.

Telja verður, að varlegra hefði verið af stefnanda að bíða átekta eða leita fulltingis verkstjóra síns, er félagar hans hurfu frá verkinu um stund, í stað þess að kveðja fyrrnefnda unglinga til aðstoðar sér, sem ekki unnu við stólana. En þar eð eigi er í ljós leitt, að slysið verði á nokkurn hátt rakið til gáleysis þeirra eða mistaka né óaðgæzlu stefnanda sjálfs, eftir að hann var kominn niður í stólinn, þá eru ekki efni til að skipta fábótaábyrgð á slysinu. Samkvæmt því og með skírskotun til þess, sem áður sagði um ábyrgð stefnda, verður að leggja á hann óskorað fábótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við slysið.

Kröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón vegna örorku	kr.	652.365.00
2. Bætur fyrir sársauka, þjáningar, lýti og röskun á persónuleika, stöðu og högum	—	500.000.00
3. Ýmis kostnaður	—	40.853.00

Kr. 1.193.218.00

Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi 3. lið kröfunnar í kr. 39.853.00. Nemur endanleg krafa hans í málinu því kr. 1.192.218.00.

Verða einstakir liðir kröfunnar nú teknir til athugunar hver fyrir sig.

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahúsið í Siglufirði, þar sem hann lá til 1. september 1951. Hinn 15. sama mánaðar lagðist hann aftur í sjúkrahúsið og lá þar nú í þrjá mánuði. Í vottorði sjúkrahússlæknisins, Ólafs Þ. Þorsteinssonar, dagsettu 20. júlí 1951, er meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, lýst svo:

„Sjúkl. meðvitundarlaus. Skurð og höggsár á vinstri reg. temp. og parietalis. Blóð vall út um vinstra eyra. Brot á v. clavicula. Brot á vinstri ulna. Cranium: Sprunga frá vinstri eyrnagangi upp og aftur og grunur um krónupeningsstórt dalað stykki ofarlega á kúpunni.“

Í vottorði sama læknis, dagsettu 10. nóvember 1952, er því lýst, hvernig meiðsli stefnanda hafast við svo og afleiðingum þeirra, sem þá eru fram komnar. Í vottorðinu segir á þessa leið:

„Ekki verul. höfuðverkur + svimi (nema helzt við snögga hreyf. með höfði). Hryggbrotið er gróið og engir verkir í hrygg við venjul. gang og í hvíld. Við hlaup eða sérstaka áreynslu á bakið fær hann verki. Hreyf. í columna eru dál. stirðar, en að öðru leyti eðlil. Engin verul. deformitet (létt kyphosis í neðstu th. liðum) ÷ eymsli (direkte eða indirekte). Clavicularbrotið gróið í góðum situs og óþægindalaust. Ulna-brotið var sprengt ... Þar er mikill callus og brotið sennil. gróið. Engir verkir eða óp. í handl. Töluverð vöðvarýrnun á v. handlegg.“

Svo sem fram kemur í vottorðum þessum, hlaut stefnandi m. a. brot á vinstri ölnarbeiini (ulna). Myndaðist falskur liður í broti þessu. Lagðist stefnandi af þeim sökum í Landakotsspítala hinn 7. marz 1952. Var gert að beininu 21. marz s. á., og fór stefnandi af sjúkrahúsinu í gipsumbúðum hinn 23. apríl s. á., sbr. vottorð Bjarna læknis Jónssonar, dagsettu 13. júní 1957. Samkvæmt vottorði sama læknis, dagsettu 19. marz 1956, greri brotið ekki, þrátt fyrir aðgerð þessa, og var það því spengt. að nýju. Lá stefnandi í Landakotsspítala af þeim sökum frá 23. júní 1953 til 31. júlí s. á. Röntgenskoðun í Landspítalanum 8. september 1955 sýndi, að ölnarbrotið var vel gróið.

Í vottorði Gríms læknis Magnússonar, dagsettu 10. apríl 1952, segir á þessa leið um heilsufar stefnanda:

„... Sjúklingurinn kvartar nú lítið um subjectiv sjúkdómseinkenni, segist ekki hafa höfuðverk, aðeins lítilsháttar svima við snöggar hreyfingar, kveðst þola hávaða sæmilega, en sé vanstilltari en áður og úthaldslaus til allra verka, bæði andlegra og líkamlegra.

Móðir sjúklingsins telur hins vegar, að allmikil breyting hafi orðið á hátterni hans og lund. Áður hafi hann verið dagfarsgóður, ljúfur og duglegur til vinnu og náms, nú megi varla orði halla, svo að hann stökkvi ekki upp á nef sér; hann hafi ekki staðfestu í sér til neins, hvorki lærdóms né annars, sé með ýmiss skringilegheit og smáhrekki, feli t. d. hluti og segi ekki til þeirra, þótt þeirra sé leitað, en gangist oft seint og síðar meir við hvarfi þeirra eftir sínum eigin duttlungum. Hátterni hans sé að ýmsu öðru undarlegt; þegar hann ætli eitthvað, gangi hann t. d. nokkur skref frá húsinu og inn aftur, hvað eftir annað, án þess að hægt sé að

skilja neinn tilgang með slíku ráfi. Hún kveður hann vera stríðinn við sig og flesta aðra, sem hann umgengst.

Við klíniska rannsókn finnst smágibbus á miðri col. thoracalis og á að gizka tveggja krónupenings dæld í os occipitalis vinstra megin.

Neurologískt er sensibilitet, reflexar og coordination eðlileg, engar paresur og engir pathologiskir reflexar. Röntgenmyndir sýnt fract. col. thorac. seq., pseudarthrosis ulnae og defect. í os occipit . . ., en fragment úr þeim defect sjást ekki á myndinni.

Psychískt er sjúklingurinn seinnlátur í hugsun og máli, áhugalitill og kærulaus.

Að þessu athuguðu álit ég, að Jóhann hafi auk commotio cerebri hlotið allverulega contusio cerebri, sem ætla má eftir fracturu defect á cranium. Psychiskar breytingar líkar þeim, sem um getur í anamnesis, eru mjög tíðar eftir stór cranium trauma, svo að engin ástæða er til að efast um, að upplýsingar móður sjúklingsins séu réttar. Það kemur einnig í ljós af anamnesis, að sjúklingurinn hefir á tímabili haft compressionseinkenni frá columna fracturu, þótt þau séu nú horfin.

Ég álit, að Jóhann hafi beðið verulegt heilsutjón við slysið og sé hvergi nærri jafngóður ennþá. Ekki er hægt að fullyrða, hvort aðrar afleiðingar af slysinu (svo sem epilepsia) eigi eftir að koma í ljós, né heldur hvort eða hvenær vænta megi að psychiskar truflanir hans hverfi. Um restitution ad integrum hvað viðvíkur hrygg hans getur varla verið að ræða. Socialt getur hann þó náð fullum bata, og verður það að metast síðar.“

Hinn 21. janúar 1954 mætti stefnandi aftur hjá Grími lækni Magnússyni til skoðunar. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu 3. febrúar s. á., segir meðal annars á þessa leið:

„ . . . Sjúklingurinn segist sæmilegur í baki og vinstri handlegg, sem nú er tvíópereraður, fer mjög batnandi. Aftur á móti kvartar sjúklingurinn nú um höfuðverk, sem fer vaxandi og sem hann hafði ekki haft árið áður, er hann kom til mín. Höfuðverkurinn kemur á öllum tímum dags og án vitaðra ytri orsaka, er mest framan til í höfði og fylgir honum oft svimatilkenning. Höfuðverkurinn hverfur við svefn. Sjúklingurinn segist lítið geta lesið og aldrei nema stund og stund í einu, hann kveðst vera áhugalaus fyrir öllu og finna aldrei til vellíðanar. Hann er hræddur við fólk og fer aldrei á skemmtanir, langar ekki í félagsskap og er fullur minnimáttarkenndar. Heima fyrir er hann með ýmsar kenjar, er órólegur, uppstökkur og vanstilltur.

Objektívt finnst eins og áður segir gat á hnakkabeini, en engin sjúkleg neurologísk einkenni. Sálarlega ber mest á mikilli deyfð og þunglyndisdrunga, allar hreyfingar eru silalegar og enginn fjörneisti, sem annars væri eðlilegur á hans aldri. Tal sjúklingsins er skynsamlegt og laust við málalengingar, en markast mjög af áhugaleysi og deyfð.

Enginn vafi leikur á því, að heili Jóhanns hefur orðið fyrir miklu áfalli við byltuna 1951. Auk varanlegs tjóns og minnkandi starfsorku af handleggs- og hryggbroti hans (einkum við erfiðisvinnu), er þó höfuðbrot og meðfylgjandi hnjask á heila hans miklu alvarlegra. Auk höfuðverkjar og svima, sem gerir sjúklinginn nú algerlega óstarfshæfan, eru hinar andlegu breytingar með þeim hætti að ekki er hægt að meta, hverjum skaða þær geta valdið. Vera má, að líkamleg óþægindi sjúklingsins hverfi að mestu og hann verði að nokkru leyti vinnufær. Það er einnig mögulegt, að hinn andlegi vesaldómur hans réni til muna á nokkrum árum, en hefði þá að öllum líkindum rænt hann möguleika til náms og þroska, sem hann annars hefði getað aflað sér.

Eins og nú standa sakir er Jóhann alger öryrki. Ekki er hægt að segja með neinni vissu, hve lengi hann verður óvinnufær, en ekki er hægt að gera ráð fyrir að það verði skemmri tími en þrjú ár.“

Hinn 5. febrúar 1954 mætti stefnandi á skrifstofu trygginga-fyrirlæknis til viðtals og skoðunar. Var hann þar skoðaður af Bergþóri Smára lækni. Í vottorði læknisins, dagsettu 16. s. m., segir svo um þá skoðun:

„... Skoðun: Svarar skynsamlega, en er áhugalaus og daufur. Á hnakkabeini finnst ca. tveggja krónu penings stór dæld. Augu: Eðlileg. Vinstri handleggur: Olnbogalið vantar ca. 35° upp á fulla réttingu, og ca. 30° upp á fulla beygingu. Hverfihreyfing dálítið minnkuð. Ör eftir uppskurð er á handleggnum, ölnarmegin, og nær það frá olnboga og nær því niður undir úlnlið. Kraftar í handleggnum eru góðir. Hlustun á lungum og hjarta: Eðlileg. Blóðþrýstingur 120/80. Kviður: Eðlilegur. Á báðum sköflungum eru ör eftir uppskurð (tekin bein til spengingar). Sinaviðbrögð eru eðlileg. Hryggur: Hreyfingar góðar, óþægindalausar.

Niðurstaða: Slasaði hefur verið öryrki frá slyssdegi og til þessa dags. Ekki er unnt að segja til um það með neinni vissu, að svo komnu máli, hvernig heilsufar hans muni reynast í framtíðinni, og verður að teljast alveg ótímabært að meta varanlega örorku hans af völdum nefnds slyss.

Örorka: 80—90% p. t. Endurmat að ári liðnu.“

Í þriðja vottorðinu frá Grími lækni Magnússyni um heilsufar stefnanda, dagsettu 27. október 1954, kveðst læknirinn síðast hafa skoðað stefnanda 16. september 1954. Í vottorði þessu segir meðal annars svo:

„... Sljóleiki hans (stefnanda), hegðunarvandkvæði og subjektiv vanlíðan gera hann með öllu ófæran til þess að sjá sér farborða, auk þess þarf hann allmikla umönnun og pössun í daglegu lífi.

Með tilliti til þess, hve meiðslin voru alvarleg og hinna mjög litlu framfara, sem orðið hafa á andlegri heilsu Braga á þeim þremur árum, sem liðin eru síðan slysið vildi til, álit ég, að hér sé um permanent ástand að ræða, og að engar líkur séu fyrir því, að hann verði sjálfbjarga, þó að subjektiv líðan hans geti batnað nokkuð. Hins vegar eru möguleikar á því, að fleiri eftirköst af slysinu (t. d. epilepsi) geti gert vart við sig og gert hann sjúkari en hann er nú.

Af þessu verður séð, að heilsutjón Braga er mjög tilfinnanlegt, þar sem það rænir hann bæði möguleika til sjálfbjargar og eins til andlegs þroska og ánægju.

Ég tel örorku Braga Friðbjarnarsonar vera 100%.“

Hinn 4. nóvember 1955 var stefnandi aftur skoðaður af Bergþóri lækni Smára, sem jafnframt mat nú örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 12. nóvember 1955, segir svo í niðurlagi:

„... Aðalörorkuorsökina verður að telja hinar andlegu breytingar, sem orðið hafa á slasaða, og verður að telja tímabært að meta varanlega örorku slasaða nú, þar eð svo langur tími er liðinn síðan slysið varð, og litlar breytingar hafa orðið á ástandi hans í mjög langan tíma.

Örorkan þykir hæfilega metin: 90%.“

Hinn 29. sama mánaðar mat sami læknir örorku stefnanda allt frá slysdegi til þess tíma, er hann telur, að varanlegu örorkunnar einnar byrji að gæta. Metur hann örorku þessa þannig:

Frá 18. júlí 1951—31. des. '51	100%
— 1. jan. 1952—6. marz '52	90%
— 7. marz 1952—30. júní '52	100%
— 1. júlí 1952—22. júní '53	90%
— 23. júní 1953—31. des. '53	100%
— 1. jan. 1954—	90%

Að lokum liggur fyrir í málinu vottorð frá Kristjáni Þorvarðs-

syni lækni um heilsufar stefnanda. Vottorð þetta, sem dagsett er 2. janúar 1957, hljóðar svo:

„Afleiðingar þær, er Jóhann Bragi Friðbjarnarson hlaut af slysi því, er hann lenti í þann 18. júlí 1951, tel ég alvarlegastar og örlagaríkastar fyrir hann persónuleika-(skapgerðar-) breytingarnar. Hann hefir orðið ertinn, uppstökkur, hræddur við fólk, og forðast samneyti við flók. Þessar breytingar á persónuleika hans, gera honum lífið örðugt og gleðisnautt. Þá hefir og borið á smáhnupli hjá honum. Skapgerðarbreytingar þessar eru alvarlegs eðlis og gætu leitt til árekstra við lög og rétt þjóðfélagsins. Þess má geta, að slasaði hefir einu sinni brotízt inn og stolið, gerðist það á síðastliðnu ári og þá sennilega undir áhrifum vins. Ekki ber að leggja mikið upp úr þessu eina atviki, en þó gæti þetta afbrot verið afleiðing af persónuleikabreytingum slasaða, sem eru afleiðingar slyssins. Á það skal bent, að slasaði var talinn andlega heilbrigður áður en slysið varð og hafði þá ekki orðið vart neinnar skapgerðarveilu eða geðveilu (psykopathískra einkenna) hjá honum, og hefði þó mátt vænta þess, að ef slasaði hefði verið geðveill að upplagi, að slíkt hefði þegar gert vart við sig, áður en hann slasaðist.“

Svo sem fyrr greinir, var stefnandi 15 ára að aldri, er hann slasaðist, fæddur 30. nóvember 1935. Hafði hann þá stundað nám í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar í tvo vetur og lokið prófi upp úr öðrum bekk skólans. Hefur skólastjórinn, Jóhann Jóhannsson, gefið honum þann vitnisburð í vottorði, dagsettu 22. maí 1952, að hann hafi verið greindur og vel hæfur til náms.

Þess var áður getið, að fjárhæð sú, sem krafízt er undir þessum kröfulið, nemur 652.365.00. Fær stefnandi hana þannig fram, að hann leggur til grundvallar útreikning K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings á atvinnutjóni hans, dagsettu 16. janúar 1956. Í útreikningi þessum, sem miðaður er við slyssdag, framangreinda örorku stefnanda og 4% ársvexti, reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti áætlaðs vinnutekjutjóns stefnanda nemi alls kr. 725.970.00. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi verðmæti örorkulífeyris, sem hann hefur fengið og mun fá í framtíðinni frá Tryggingastofnun ríkisins, en það nemur samkvæmt sama útreikningi kr. 73.605.00. Mismunurinn er 652.365.00. Að tilhlutan dómsins var hinn sérfróði maður fenginn til að reikna atvinnutjón stefnanda út af nýju og nú miðað við 6% ársvexti. Er sá útreikningur dagsettur 29. apríl 1957. Að öðru leyti eru forsendur útreikningsins hinar sömu og áður. Tryggingafræðingurinn kveðst byggja

útreikninginn á vinnutekjuáætlun, er gerð hafi verið út frá meðalvinnutekjum kvæntra daglaunamanna, iðnaðarmanna og sjómanna í kaupstöðum landsins á árunum 1951 til 1955. Eftir þann tíma sé vinnutekjuáætlunin gerð út frá meðaltali grunnvinnutekna framangreinds tímabils. Með þessu móti reiknast honum verðmæti vinnutekjutjónsins fyrir tímabilið 26. júlí 1951—25. júlí 1957 nema kr. 173.831.00 og fyrir tímann eftir það kr. 496.064.00, eða samtals kr. 669.895.00. Er þá miðað við slyssdag, svo sem áður greinir.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að vinnutekjuáætlun þessi sé nokkru hærri en vinnutekjur með Dagsbrúnarkaupi og 8 stunda vinnu á dag alla virka daga ársins. Kveðst hann telja, að fleiri og sterkari rök séu fyrir því að nota framangreinda áætlun en kaupgjaldsskrá Dagsbrúnar. Þó telji hann, að þessi rök séu ekki eins sterk, að því er framtíðina varði, eins og liðna tímann. Svo virðist, að það sé staðreynd, að allt frá því, er stefnandi slasaðist, og fram til þessa, hafi daglaunamenn yfirleitt náð mun hærri ársvinnutekjum en svari til venjulegrar dagvinnu allt árið. Á hinn bóginn sé hæpið að reikna um langa framtíð með jafn mikilli atvinnu og hér hafi verið á árunum 1951—'55. Reynsla fortíðarinnar sýni, að á skiptist tímabil mikillar atvinnu og atvinnuleysis. Á móti líkunum fyrir atvinnuleysistímabilum í framtíðinni komi hins vegar líkurnar fyrir því, að stefnandi hefði getað náð hærri tekjum en meðaltekjum verkamanns. Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að hefði vinnutekjuáætlunin eftir 25. júlí 1957 verið byggð á Dagsbrúnarkaupi með fullri dagvinnu allt árið, en engri eftirvinnu, hefði verðmæti áætlaðs vinnutekjutjóns eftir þann tíma lækkað úr kr. 496.064.00 í kr. 423.043.00.

Verðmæti árlegs örorkulífeyris stefnanda reiknast hinum sérfróða manni nú nema kr. 64.675.00.

Auk þess, sem áður greinir, eru forsendur útreikninga þessara dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1941—'50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifandi lífi eftir sænskri reynslu.

Enginn frádráttur hefur verið gerður frá áætluðum vinnutekjum vegna opinberra gjalda.

Þess er getið í upphafi dómsins, að stefnandi krafðist þess í stefnu frumsakar, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 300.000.00, auk vaxta og málskostnaðar. Síðan segir í stefnunni meðal annars á þá leið, að enn sé eigi vitað með vissu um varanleg áhrif slyssins á stefnanda og treysti læknar sér eigi til að meta varanlega örorku hans ennþá. Gizki þeir þó á, að hún

verði ekki undir 40—50%. Af hendi stefnda er því haldið fram, að telja verði öruggt, að í þessari fjárhæð frumstefnu felist krafa um örorkubætur og bætur fyrir þjáningar og lýti o. fl. Hyggur hann, að ekki sé óvarlegt að sundurliða þessa fjárhæð þannig, að kr. 250.000.00 af henni sé krafa um örorkubætur, en kr. 50.000.00 krafa fyrir þjáningar o. fl. Samkvæmt íslenzku réttarhari sé það aðalregla, að stefnukrafa sé hámarkskrafa, þannig að hún verði ekki síður hækkuð, nema því aðeins að sérstök atvik leyfi. Vísar hann í því efni til 88. gr. laga nr. 85/1936 svo og meginreglna þeirra, sem gilda um meðferð einkamála. Að vísu sé það rétt hjá stefnanda, að eigi hafi verið tímabært að meta örorku hans, er frumsök málsins var höfðuð. Hins vegar beri á það að líta, að kröfur í frumstefnu séu byggðar á 50% örorku. Verði því að telja vafalaust, að stefnandi geti ekki með framhaldsstefnu hækkað kröfur sínar um hærri fjárhæð en sem svari hækkun örorkumats. Samkvæmt þessu mótmælir stefndi því, að stefnandi geti komið að í málinu hærri kröfu um örorkubætur en kr. 450.000.00.

Svo sem fram kemur í sjúkrasögu stefnanda hér að framan, var ekki unnt að meta endanlega örorku hans vegna slyssins fyrr en haustið 1955, en fyrr en endanlegt örorkumat lá fyrir, var að sjálf-sögðu ekki unnt að gera sér grein fyrir því, hvert atvinnutjón hans myndi vera. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að framan-greind málsástæða stefnda hafi við rök að styðjast.

Stefndi hefur mótmælt örorkumatinu á stefnanda, en þar sem því hefur ekki verið hnekk, ber að leggja það til grundvallar. Þá hefur stefndi og mótmælt útreikningi tryggingafræðingsins á atvinnutjóni stefnanda. Telur hann, að grundvöllur útreikningsins sé svo ótryggur, að ekki sé unnt að viðurkenna hann. Bendir stefndi og á, að eins og peningamálum sé nú háttáð, virðist hon-um rétt, að reiknað sé með 8% vöxtum p. a. í stað 6%, svo sem tryggingafræðingurinn gerir. Að lokum vekur stefndi athygli á því, að enginn frádráttur sé gerður í útreikningnum vegna kostn-aðar við öflun tekna né vegna opinberra gjalda.

Með hliðsjón af öllu því, sem að framan er rakið, svo og öðrum þeim atriðum, sem hér verða talin skipta máli, ákveðast bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfuleið kr. 500.000.00. Hefur þá verðmæti örorkulífeyris þess, sem hann hefur fengið og mun fá frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt áætlun tryggingafræð-ingsins, verið dregið frá.

Um 2.

Stefnandi hefur gert allýtarlega grein fyrir þessum kröfulið í greinargerð framhaldssakar. Skírskotar hann þar aðallega til framlagðra læknisvottorða, en meginefni þeirra er rakið hér að framan.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem hreinni fjarstæðu. Telur hann, að ekki sé hægt að gera hvort tveggja, að meta örorku, svo sem hér er gert, og bera að auki fram svo geysiháa kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Telur hann, að hámark bóta samkvæmt þessum kröfulið geti vart farið fram úr kr. 50.000.00 til 75.000.00.

Af sjúkrasögu stefnanda, sem rakin er hér að framan, er ljóst, að hann hefur ekki einasta orðið fyrir mjög miklum líkamlegum meiðslum, heldur og alvarlegri röskun og skerðingu á persónuleika og andlegri hæfni. Með hliðsjón af þessu þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00.

Um 3.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er, svo sem áður greinir, kr. 39.853.00. Er hún byggð á framlögðum reikningum (dskj. 28 — 35, 41 og 44) fyrir ferðakostnað stefnanda og móður hans til og frá Reykjavík, dvalarkostnað þeirra hér í bænum, lækniskostnað, kostnað við útreikning örorkutjóns, kostnað við vökur yfir stefnanda fyrst eftir slysið og kostnað við heimilisaðstoð á heimili stefnanda vegna fjarveru móður hans af heimilinu, er hún dvaldist með honum hér í bænum. Er því haldið fram, að óhugsandi hafi verið að sleppa hendinni af stefnanda og hann hafi verið alls ófær um að ferðast til Reykjavíkur á eindæmi sitt. Í málinu liggur frammi vottorð Ólafs Þ. Þosteinsonar læknis, dagsett 5. febrúar 1955, þar sem þess er getið, að fyrsta hálfan mánuðinn, sem stefnandi lá í sjúkrahúsi eftir slysið, hafi kona ein og þrír synir hennar vakað yfir stefnanda til skiptis. Kveður læknirinn stefnanda hafa verið meðvitundarlausan og með óráði þenna tíma og því nauðsynlegt að vaka yfir honum allan sólarhringinn. Af hendi stefnanda er því haldið fram, að útlagður kostnaður hans vegna slyssins hafi verið mun hærri en fjárhæð sú, sem hér er krafizt. Á hinn bóginn hafi móðir sín ekki haldið reikningum yfir allan þann kostnað saman og muni ekki, hve mikill hann var.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem óhæfilega háum. Telur hann, að ekki sé heimilt að reikna með í kostnaðinum fæði og húsnæði fyrir stefnanda og móður hans. Sá kostnaður standi

að sjálfsögðu ekki í neinu sambandi við slysið. Bætur samkvæmt þessum kröfulið geti vart farið fram úr kr. 10.000.00.

Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 25.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 675.000.00 (kr. 500.000.00 + 150.000.00 + kr. 25.000.00) auk 6% ársvaxta af kr. 650.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt með-dómsmönnum Einarí B. Kristjánssyni húsasmíðameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi. Hefur dómsuppsaga dregið nokkuð um venju fram vegna páskahelginnar og þess, að mál þetta er all umfangsmikið.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnanda, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni, kr. 675.000.00 auk 6% ársvaxta af kr. 650.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956, en af kr. 675.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júní 1958.

Nr. 176/1955. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)

gegn

John Oliver Emmons (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Varðskipið Þór kom að togara ákærða kl. 00.07 hinn 28. október 1955. Var togarinn þá að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. Varðskipsmenn settu samtímis út dufl við aftur-